

Vestmannaeyjabær

Ársreikningur 2019

Vestmannaeyjabær
Ráðhúsinu
900 Vestmannaeyjar

Kt. 690269-0159

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	29

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 6.372 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 4.127 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,46% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,33% en lögbundið hámark þess er 0,625% með álagi, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% sem er einnig lögbundið hámark með álagi.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta, var jákvæð um 666 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 455 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2019 nam 9.041 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta var jákvætt um 6.879 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda. Sjá nánar í skýringu 20.

Sveitarfélagið birtir yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar er settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, *Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar*.

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Vestmannaeyjum, 30. apríl 2020

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2019 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Vestmannaeyjum, 28. maí 2020

Bæjarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2019, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Lykilþættir endurskoðunar

Það eru engir lykilþættir til að upplýsa um í áritun okkar.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og víðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu víðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn og bæjarráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn og bæjarráð að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn og bæjarráð um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Magnús Jónsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Vestmannaeyjum, 28. maí 2020

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	2.975.444	2.687.609	2.778.989	2.960.979	2.673.998	2.766.587
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	712.552	679.267	659.665	712.552	679.267	659.665
Aðrar tekjur	4	439.243	463.731	521.144	2.698.221	2.763.373	1.590.486
		<u>4.127.239</u>	<u>3.830.607</u>	<u>3.959.798</u>	<u>6.371.752</u>	<u>6.116.638</u>	<u>5.016.738</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	2.073.075	1.973.323	1.911.205	3.184.240	3.054.186	2.457.345
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	14	279.347	320.000	357.026	292.642	345.725	331.521
Annar rekstrarkostnaður		1.367.409	1.424.998	1.384.639	2.205.464	2.386.513	1.659.049
		<u>3.719.831</u>	<u>3.718.321</u>	<u>3.652.871</u>	<u>5.682.346</u>	<u>5.786.424</u>	<u>4.447.916</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		407.408	112.286	306.927	689.406	330.214	568.822
Afskriftir	8	(143.854)	(144.494)	(133.870)	(249.636)	(233.241)	(228.221)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		263.554	(32.208)	173.057	439.769	96.973	340.601
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	191.902	108.937	168.216	226.149	97.181	157.306
Rekstrarniðurstaða	13	<u>455.456</u>	<u>76.729</u>	<u>341.274</u>	<u>665.918</u>	<u>194.154</u>	<u>497.907</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2019	2018	2019	2018	
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	8	6.161.158	5.803.647	7.188.300	6.580.937
Veitur, hafnir og gatnakerfi	8	93.607	0	2.205.369	2.122.241
Vélar, áhöld og tæki	8	166.808	150.791	262.663	213.508
		6.421.574	5.954.438	9.656.332	8.916.686
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	658.394	700.366	550.566	550.366
Fyrirframgreiddur kostnaður	10	203.130	211.247	203.130	211.247
Langtímakröfur	11	50.000	4.000	50.000	4.000
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	11	289.837	308.046	0	0
		1.201.361	1.223.659	803.697	765.613
Fastafjármunir		7.622.935	7.178.097	10.460.028	9.682.299
Veltufjármunir					
Birgðir	3i	6.900	7.312	6.900	7.312
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	12	263.915	275.728	433.201	327.222
Næsta árs afborgarnir langtímakrafna	11	4.000	4.000	4.000	4.000
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	11	24.171	23.482	0	0
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		700.987	467.214	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	10	8.116	8.116	8.116	8.116
Aðrar skammtímakröfur		32.419	66.896	44.109	67.393
Skammtímafjárfesting	3l	2.691.800	2.592.172	2.691.800	2.592.172
Handbært fé	3m	564.880	454.665	649.091	579.873
Veltufjármunir		4.297.189	3.899.586	3.837.217	3.586.089
Eignir samtals		11.920.124	11.077.683	14.297.246	13.268.388

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2019	2018	2019	2018	
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	6.879.224	6.126.700	9.040.947	8.082.460
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	14	3.767.541	3.721.208	3.962.316	3.913.555
Aðrar skuldbindingar		0	0	3.285	3.200
		3.767.541	3.721.208	3.965.601	3.916.755
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	15	80.696	100.676	278.527	306.185
Fyrirframinnheimtar tekjur	16	0	0	368.000	384.000
		80.696	100.676	646.527	690.185
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		700.241	609.679	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	22.669	25.442	35.834	55.937
Fyrirframinnheimtar tekjur	16	0	0	16.000	16.000
Aðrar skammtímaskuldir		469.753	493.978	592.336	507.051
		1.192.663	1.129.098	644.170	578.988
Skuldir og skuldbindingar samtals		5.040.900	4.950.983	5.256.299	5.185.928
Eigið fé og skuldir samtals		11.920.124	11.077.683	14.297.246	13.268.388

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings 18

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	13	455.456	76.729	341.274	665.918	194.154	497.907
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	143.854	144.494	133.870	249.636	233.241	228.221
Verðbætur		(3.182)	4.368	(2.678)	9.009	12.542	12.900
(Tap) hagnaður af sölu rekstrarfjárm. ...		0	0	1.084	(19.414)	0	1.084
Niðurfærsla eignarhluta		41.973	0	0	0	0	1
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	14	279.347	320.000	357.026	292.642	345.725	331.521
Aðrar skuldbindingar, breyting		0	0	0	85	0	101
Veltufé frá rekstri		917.447	545.591	830.575	1.197.878	785.662	1.071.735
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostn., breyting	10	8.116	0	(219.363)	8.116	0	(219.363)
Birgðir, breyting		413	(5.367)	0	413	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting		11.813	4.570	(43.273)	(105.979)	0	(51.463)
Aðrar skammtímakröfur, breyting		34.477	0	(24.954)	23.433	0	(25.452)
Skammtímaskuldir, breyting		(24.225)	137.717	(131.873)	79.439	139.072	(124.967)
Greiðslur vegna lífeyrisskuldb.	14	(233.014)	(132.000)	(156.496)	(243.881)	(152.662)	(170.966)
Samtals		(202.420)	4.920	(575.960)	(238.460)	(13.590)	(592.212)
Handbært fé frá rekstri		715.027	550.511	254.615	959.419	772.072	479.523
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(313.922)	(356.000)	(348.966)	(699.300)	(681.000)	(607.851)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	0	600	26.500	0	600
Eignarhlutir í félögum, breyting	9	0	0	(150.000)	0	0	0
Langtímakröfur, breyting		(46.000)	22.175	(4.000)	(46.000)	0	(4.000)
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyting....		23.771	(0)	23.093	0	(0)	(0)
Skammtímaverðbréf, breyting		(99.628)	0	215.214	(99.628)	0	215.214
Fjárfestingarhreyfingar		(435.779)	(333.825)	(264.060)	(818.428)	(681.000)	(396.038)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyting		(143.211)	(155.793)	(78.160)	0	0	0
Afborganir langtímalána	15	(25.822)	(25.177)	(26.988)	(56.772)	(55.356)	(56.868)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	16	0	0	0	(16.000)	0	(16.000)
Fjármögnunarhreyfingar		(169.032)	(180.970)	(105.148)	(72.772)	(55.356)	(72.869)
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé		110.215	35.716	(114.593)	68.218	35.716	10.615
Handbært fé í ársbyrjun		454.665	419.258	569.258	579.873	419.258	569.258
Yfirtekið handbært fé		0	0	0	999	0	0
Handbært fé í árslok		564.880	454.974	454.665	649.091	454.974	579.873

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Vestmannaeyjabær er sveitarfélag á Suðurlandi og var fjöldi íbúa þess 4.358 í árslok 2019. Lögheimili sveitarfélagsins er í Ráðhúsinu í Vestmannaeyjum.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2019 hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Þjónustumiðstöð og Grjótnám. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður Vestmannaeyja, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Hraunbúðir, Náttúrustofa Suðurlands og Herjólfur ohf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlagsviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	25-50 ár
Hafnarmannvirki	13-50 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	10-40 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisyrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Tekjuskattur

Skatteign þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattskyld er reiknuð en ekki færð í ársreikningnum sökum óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni.

Reiknuð skatteign stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra. Væntanleg skattspörun vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er meðtalin í reiknaðri skatteign sem nemur samtals 8,4 millj. kr. í árslok 2019.

Útreikningurinn á skatteign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Reiknuð skatteign tengist einvörðungu rekstri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. og nemur yfirfæranlegt tap félagsins 39,2 millj. kr. vegna árána 2018-2019 og er nýtanlegt til árána 2028-2029. Yfirfæranlegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður.

h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlög í lífeyrisaukasjóð gjaldfærð á 30 árum en framlög í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

j. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

k. Önnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Önnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

l. Skammtímafjárfesting

Sveitarfélagið hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi. Gangvirðisbreytingar verðbréfa eru færðar meðal vaxtatekna í rekstrarreikningi.

Skammtímaverðbréf samanstanda ef verðbréfasjóðum í fjárstýringu hjá innlendum fjármálastofnunum og eru innleysanleg með skömmum fyrirvara. Fjármagnstekjuskattur er færður til lækkunar vaxtatekna við innlausn verðbréfa.

m. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

n. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2019. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14. Áætlaðar næsta árs greiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

o. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

p. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 18.

q. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 23.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	2.588.764	2.336.000	2.431.009	2.588.764	2.336.000	2.431.009
Fasteignaskattur	308.256	268.251	262.161	293.791	254.640	249.759
Lóðarleiga	78.424	83.358	85.818	78.424	83.358	85.818
	2.975.444	2.687.609	2.778.989	2.960.979	2.673.998	2.766.587
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag	148.801	139.000	134.928	148.801	139.000	134.928
Framlög vegna útgaldajöfnunar.	358.132	343.276	325.551	358.132	343.276	325.551
Framlög vegna grunnskóla.....	31.045	37.220	9.887	31.045	37.220	9.887
Vegna málefna fatlaðs fólks.....	161.056	154.051	180.708	161.056	154.051	180.708
Önnur framlög	13.517	5.720	8.591	13.517	5.720	8.591
	712.552	679.267	659.665	712.552	679.267	659.665
Skatttekjur samtals.....	3.687.996	3.366.876	3.438.654	3.673.531	3.353.265	3.426.252
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	439.243	463.731	521.144	2.698.221	2.763.373	1.590.486
Rekstrartekjur samtals	4.127.239	3.830.607	3.959.798	6.371.752	6.116.638	5.016.738

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Laun	1.677.953	1.569.476	1.557.715	2.677.055	2.535.595	2.004.942
Launatengd gjöld	380.976	403.847	358.434	493.039	518.591	457.347
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	14.146	0	(4.944)	14.146	0	(4.944)
Laun og launat. gjöld samtals	2.073.075	1.973.323	1.911.205	3.184.240	3.054.186	2.457.345
				2019	2018	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				515	428	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				335	270	
Ársverk.....				388	328	
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....				50.067	64.921	

Skýringar, frh.:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Vaxtatekjur og verðbætur	322.598	220.604	275.729	345.049	240.145	298.647
Arður af eignarhlutum.....	22.572	10.000	22.944	22.572	10.000	22.944
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(124.079)	(134.175)	(143.991)	(141.472)	(152.964)	(164.284)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	12.783	12.508	13.536	0	0	0
Niðurfærsla eignarhluta.....	(41.973)	0	0	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	191.902	108.937	168.216	226.149	97.181	157.306

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	3.747.854	3.430.481	3.497.404
Félagsþjónusta	(369.451)	(382.812)	(334.193)
Heilbrigðismál	(4.085)	(4.168)	(4.047)
Fræðslu- og uppeldismál	(1.663.473)	(1.638.560)	(1.580.710)
Meningarmál	(196.043)	(199.923)	(161.794)
Æskulýðs- og íþróttamál	(444.232)	(441.127)	(436.958)
Brunamál og almannavarnir	(46.965)	(51.527)	(41.688)
Hreinlætismál	(49.975)	(27.434)	(35.417)
Skipulags- og byggingarmál	(66.873)	(97.530)	(74.162)
Umferðar- og samgöngumál	(98.458)	(42.672)	(91.825)
Umhverfismál	(76.946)	(59.452)	(69.928)
Atvinnumál	(2.616)	(15.130)	(11.226)
Framlög til A og B hluta	(163.350)	(138.342)	(105.664)
Sameiginlegur kostnaður	(253.258)	(276.892)	(250.206)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlög til A deildar Brúar lífeyrissjóðs	(293.493)	(320.000)	(352.082)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	418.028	341.397	412.858
Aðalsjóður samtals	436.663	76.309	360.363
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	18.793	420	(19.089)
Þjónustumiðstöð	0	0	0
Grjótnám	0	0	0
A hluti samtals	455.456	76.729	341.274
B hluta fyrirtæki:			
Hafnarsjóður	145.720	54.672	154.497
Vatnsveita	0	0	0
Fráveita	11.437	31.417	27.692
Félagslegar íbúðir	11.122	0	0
Náttúrustofa Suðurlands	16.629	4.864	0
Hraunbúðir	0	0	0
Herjólfur ohf.	(16.418)	26.472	(25.555)
Innri færslur	41.973	0	0
A og B hluti	665.919	194.154	497.907

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:				
Heildarverð 1.1.2019	7.526.618	0	299.467	7.826.085
Endurmat lóða og lendna	297.068	0	0	297.068
Keypt á árinu	184.372	93.607	35.942	313.922
Heildarverð 31.12.2019	8.008.058	93.607	335.409	8.437.075
Afskrifað 1.1.2019	(1.722.971)	0	(148.676)	(1.871.647)
Afskrifað á árinu	(123.929)	0	(19.925)	(143.854)
Afskrifað samtals 31.12.2019	(1.846.900)	0	(168.601)	(2.015.501)
Bókfært verð 1.1.2019	5.803.647	0	150.791	5.954.438
Bókfært verð 31.12.2019	6.161.159	93.607	166.808	6.421.574
Afskriftarhlutföll.....	0 - 4%	4%	2,5 - 10%	
	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2019	8.487.650	5.508.830	565.987	14.562.467
Endurmat lóða og lendna	297.068	0	0	297.068
Fjárfesting á árinu	465.626	157.492	76.182	699.300
Selt og niðurlagt á árinu.....	(10.551)	0	0	(10.551)
Heildarverð 31.12.2019	9.239.793	5.666.322	642.169	15.548.284
Afskrifað 1.1.2019	(1.906.713)	(3.386.589)	(352.478)	(5.645.780)
Afskrift færð út	3.464	0	0	3.464
Afskrifað á árinu	(148.245)	(74.364)	(27.027)	(249.636)
Afskrifað samtals 31.12.2019	(2.051.494)	(3.460.953)	(379.505)	(5.891.952)
Bókfært verð 1.1.2019	6.580.937	2.122.241	213.508	8.916.686
Bókfært verð 31.12.2019	7.188.300	2.205.369	262.663	9.656.332
Afskriftarhlutföll	0 - 4%	2 - 8%	2,5 - 10%	

b. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat og fasteignamat rekstrarfjármuna og váttryggingaverðmæti lausafjármuna skiptist þannig í árslok 2019:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	11.134.936	13.914.230
Fasteignamat.....	3.526.658	4.936.221
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	1.339.038	1.382.655
Váttryggingaverðmæti hafna.....		5.628.455
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		2.369.298

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

c. Fjárfesting

Lóðir og lendum

Lóðir og lendum sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2019 til samræmis við álit reikningskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirkis var yfir 5%.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Mismunur við áætlun
A hluti:			
Fasteignir og önnur mannvirki			
Ægisgata 2 (Fiskiðjan).....	29.425	30.000 (575)
Sorpbrennslan.....	17.829	33.000 (15.171)
Safnahús.....	7.852	8.000 (148)
Kirkjugarði.....	4.306	3.500	806
Ráðhús.....	6.973	15.000 (8.027)
Hásteinsvöllur - búning sklefar o.fl.....	0	50.000 (50.000)
Íþróttamiðstöð.....	80.973	70.000	10.973
Týsheimili.....	5.358	0	5.358
Félagsheimili.....	5.500	5.500	0
Slökkvistöð.....	26.156	25.000	1.156
	<u>184.372</u>	<u>240.000</u>	<u>(55.628)</u>
Gatnakerfi			
Gatnaframkvæmdir.....	121.852	95.000	26.852
Gatnagerðartekjur, nettó endurgreiðsla.....	(28.245)	0	(28.245)
	<u>93.607</u>	<u>95.000</u>	<u>(1.393)</u>
Aðrar eignir			
Þjónustumiðstöð.....	18.345	21.000 (2.655)
Sorpbrennslan.....	17.597	0	17.597
	<u>35.942</u>	<u>21.000</u>	<u>14.942</u>
A hluti samtals.....	<u>313.922</u>	<u>356.000</u>	<u>(42.078)</u>
B hluti:			
Fasteignir og önnur mannvirki			
Hafnarsjóður.....	67.752	50.000	17.752
Fráveita.....	5.654	10.000 (4.346)
